



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 993 ~~Alþingi~~ 2 9934

Erindi nr. p 127/359
komudagur 5.12.2001

Reykjavík, 3. desember 2001

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri við Templarasund
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1999 um Lífeyrissjóð sjómanna, 10. mál.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands óskar vinsamlegast eftir því að koma á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftirfarandi umsögn um framangreint lagafrumvarp.

Fjallað var um frumvarpið á fundi sambandsstjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands þann 19. nóvember 2001. Niðurstaða fundarins er að samtökin mæla eindregið með frumvarpinu og telja það afar mikilvægt að það fái jákvæða afgreiðslu á Alþingi.

Einnig var fjallað um lagafrumvarpið á nýafstöðnu sambandsþingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands sem haldið var dagana 28. - 30. nóvember 2001. Þingið ályktaði eftirfarandi um málið.

Um Lífeyrissjóð sjómanna

40. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands haldið dagana 28.-30. nóvember 2001, lýsir yfir áhyggjum af slæmri stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna sem að óbreyttri stöðu stefnir í að enn á ný verði að skerða lífeyrisréttindi sjóðsfélaga.

Þingið beinir því til Alþingis Íslendinga að veita brautargengi frumvarpi Guðjóns Arnars Kristjánssonar alþingismanns, um hækkun á mótframlagi útgerðarmanna úr 6% í 8%. En það verður að teljast eðlilegt, þar sem sjóðurinn hefur virkað sem slysatryggingasjóður fyrir útgerðina.

Að lokum vill Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á því að samtökunum hefur ekki borist formleg beiðni nefndarinnar um umsögn um framangreind lagafrumvarp. Samtökunum er heldur ekki kunnugt um það að öðrum samtökum sjómanna hafi borist beiðni frá nefndinni. Hins vegar það nefndin nokkur önnur samtök launþega og stofnanna sem hvorki koma nálægt sjómennsku né útgerð.

Virðingarfyllt

f.h. Farmanna- og fiskimannasambands
Íslands

Benedikt Valsson